

Nr. 316

14. mars 2008

AUGLÝSING um deiliskipulag fyrir hesthúsasvæði við Þorlákshöfn, Sveitarféluginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. mars 2007, og með leiðréttigungum 15. október 2007, samþykkt deiliskipulag fyrir hesthúsa-svæðið í Þorlákshöfn, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu geti byggst upp allt að 20 hesthús af mismunandi stærð til viðbótar við þau sem fyrir eru. Lóð fyrir reiðskemmuna er stækkuð með möguleika á stækkun til austurs, norðurs og suðurs. Gert er ráð fyrir nýrri lóð undir reiðskemmu vestar á svæðinu. Heygeymslusvæði er sameiginlegt og stæði fyrir hestakerrur og gáma. Reiðleið liggur um miðbik svæðisins og tengist núverandi reiðleið vestan við byggðina sem og reiðleið er liggur vestur með skipulagssvæðinu og tengist reiðleiðinni Þorlákshöfn-Selvogur-Hlíðarvatn. Reiðleið innan svæðisins tengist skeiðbraut og skeiðvelli. Skipulagið tekur á m.a. skeiðvelli og dómarahúsi, reiðskemmu og félagsaðstöðu, hestagerði, beitarhólfi, gámasvæði og heygeymslusvæði. Hesthúsabyggðin skiptist í 3 svæði, H1 sem er um elsta svæðið, H2 sem er fyrir sunnan núverandi hesthús fyrir minni byggingar og H3 sem liggur vestan við svæðið og er fyrir tvær gerðir hesthúsa. Einnig er tillaga að viðbyggingarmöguleikum á eldri húsunum. Greinargerð er tekur á lýsingu á deili-skipulaginu, byggingarskilmálum, skilyrðum fyrir úthlutun og umgengni og viðhaldi er hluti af auglýstri deiliskipulagstillögu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 14. mars 2008.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2008